Úthlutun Uppbyggingar–sjóðs Austurlands 2022

Athöfnin fer fram á Zoom
þriðjudaginn 14. desember kl. 14:30

SÓKNARÁÆTLUN
AUSTURLANDS

Tækniminjasafn Austurlands stendur frami fyrir einu stærsta verkefni á Íslandi er varðar endurskoðun á safnkosti. Vinna þarf að grisjunaráætlun, hanna verkferla við grisjun, gera förgunarstefnu og hanna verkferla er varðar endurnýtingu muna sem verða grisjaðir.

Vor / Wiosna er árleg lista og menningarhátíð þar sem áhersla er lögð samspil og samtal pólskra listamanna við íslenskt samfélag.

Markmið Blábjarga er að þróa og undirbúa framleiðslu á gosdrykkjum, bæði óáfengum og áfengum. Lögð verður áhersla á að allt hráefni til framleiðslunnar sé hágæðavara. Framleiðslan verði sem mest sjálfbær og umhverfisvæn.

Dagskrá

Fundarstjóri:	*Signý Ormarsdóttir*, yfirverkefnastjóri Austurbrúar.
	WHY QUIT eftir pólsku listakonurnar Karolina Balcer og Iwona Ogrodzka
Styrkþegar 2022:	*Una Sigurðardóttir – Sköpunarmiðstöðinni* *Sævar Guðjónsson – Mjóeyri. Austurland Freeride Festival* *Hanna Christel Sigurkarlsdóttir – Skaftfell Myndlistamiðstöð Austurlands* *Torvald Gjerde – Tónlistastundir 2022*
Ávarp:	*Formaður úthlutunarnefndar Uppbyggingarsjóðs Austurlands, Ásta Kristín Sigurjónsdóttir*
	Frumflutningur á nýju myndbandi Austurbrúar um Hringrásarhagkerfið styrkt af umhverfis- og auðlindaráðuneytinu
Ávarp:	*Bakarinn og athafnamaðurinn Ágúst Einþórsson*
Afhending styrkja:	*Yfirverkefnastjóri Tinna Halldórsdóttir kynnir hæstu styrkþega og fer yfir rafræna styrkjahandbók 2022*
Ávarp:	*Formaður Sambands sveitarfélaga á Austurlandi, Einar Már Sigurðarson*

Austurland framtíðarinnar

Við yfirlestur á umsóknum í Uppbyggingasjóð Austurlands þetta árið er nokkuð ljóst að um er að ræða grósku og skapandi hugmyndir þegar kemur að menningu, listum og nýsköpun í atvinnulífinu. Sum verkefnin eru klárlega kunnuleg og búin að ná góðri fótfestu í samfélaginu, önnur eru ný og gefa fyrirheit um að sköpunargleði og trú fólks á að byggja upp atvinnurekstur og eða menningaviðburði á Austurlandi er sannarlega til staðar.

Í ár vakti það sérstaka athygli okkar sem að sjóðnum komum, þ,e fagráð, úthlutunarstjórn og starfsmenn Austurbrúar, að styrkhæfum umsóknum sem miða að nýsköpun í atvinnulfinu hefur fækkað töluvert milli ára og er mikilvægt að greina hvaða ástæður liggja þar að baki. Heimsfaraldur annarsvegar og hátt atvinnustig í grunnatvinnuvegum hinsvegar gætu verið hluti af ástæðunni. Til viðbótar voru fleiri umsóknir en áður þar sem vantaði töluvert uppá að þær væru fullunnar og eða til þess fallnar að passa að úthlutunarreglum sjóðsins. Þarna eru klárlega möguleikar til úrbóta sem þarf að skoða betur fyrir næstu úthlutun.

Til að Austurland geti vaxið og verið valkostur fólks til búsetu þarf að vera til staðar fjölbreytni starfa, frjór jarðvegur og möguleikar til vaxtar. Fjárfestingar í fólki og verkefnum eru grunnforsenda fyrir því að slikur vöxtur geti átt sér stað. Það þarf fólk

til að framkvæma hugmyndir og það þarf fólk til að hafa trú á humyndum og verkefnum á fyrstu stigum. Uppbyggingasjóður Austurlands gegnir því mikilvæga hlutverki að fjárfesta í fjölbreyttum verkefnum sem eiga það sameiginlegt að auðga bæði mannlíf og atvinnusköpun á svæðinu. Sjóðurinn er samkeppnissjóður þar sem mikil–vægt er að vanda vel til verka við umsóknarskrif sem og að framkvæma verkefnin af alúð. Það er trú mín að þau verkefni sem hér eru kynnt séu til þess fallinn að efla samfélagið á Austurlandi svo það geti dafnað og að þar sé ekki bara gott að vera heldur líka ákjósanlegt að búa til lengri tíma.

Ég vil nota tækifærið og óska styrkþegum innilega til hamingju með þennan áfanga og óska ykkur jafnframt góðs gengis í að framkvæma þessi metnaðarfullu verkefni.

Þá vil ég þakka samstarfsfólki mínu í fagráðum, stjórn úthlutunarnefndar, stjórn SSA og starfsmönnum Austurbrúar fyrir afar ánægjulegan tíma síðustu fjögur ár. Austurland á framtíðina fyrir sér.

Ásta Kristín Sigurjónsdóttir
Formaður úthlutunarstjórnar Uppbyggingasjóðs Austurlands

Mikilvægi Uppbyggingarsjóðs Austurlands

Hvers vegna er þessi styrkur mikilvægur?

Við sem stöndum að Sköpunarmiðstöðinni á Stöðvarfirði finnum fyrir djúpu þakklæti fyrir þá viðurkenningu og trú á okkar verkum sem styrkveitingar Uppbyggingarsjóð Austurlands eru. Sköpunarmiðstöðin var sproti sem ekki átti auðvelt uppdráttar og ég efast um að tekist hefði að ná sprotanum upp úr moldinni ef ekki hefði notið við dyggilegs stuðnings Uppbyggingarsjóðs á liðnum árum. Í raun hefur sjóðurinn verið líflína fyrir miðstöðina og er enn. Því er reynsla okkar af Uppbyggingarsjóð sú að sjóðurinn ber nafn með rentu og rís undir þeim markmiðum sem honum eru sett.

Það sem gefur Uppbyggingarsjóð þá samfélagslegu virkni sem lagt er upp með, er að hann er einn af fáum sjóðum sem veita styrki fyrir nauðsynlegum grundvallarþáttum sem menningar– og nýsköpunarverkefni þurfa að getað fjármagnað ætli þau að komast skrefið áfram. Þetta gerir það að verkum að sjóðurinn hefur raunverulega samfélagslega virkni og skiptir sköpum fyrir framgang og þróun byggða á Austurlandi. Mig langar einnig að nefna að virkilega vel er staðið að umgjörð og umsóknarferli sjóðsins og þjónusta við umsækjendur er til fyrirmyndar. Þær Signý Ormarsdóttir og Tinna Kristbjörg Halldórsdóttir eiga heiður skilin fyrir það utanumhald sem þær veita umsækjendum sjóðsins. Ávalt eru þær ráðagóðar og styðjandi, og augljóst er að einlægur vilji er til að stuðla að því að frjóar hugmyndir megi njóti brautargengis. Þeirra starf og stuðningur við listafólk og frumkvöðla er að mínu mati mikilvægur liður í því afhverju Uppbyggingarsjóður er að virka á Austurlandi eins og hann á að gera.

Una Sigurðardóttir
– Sköpunarmiðstöðinni

Það hefur skipt sköpun fyrir Austurland Freeride Festival hátíðina að fá styrk úr Uppbyggingarsjóð Austurlands. Við teljum að hátíðin sé góð viðbót við að koma Austurlandi á kortið yfir veturinn því hátíðin kallar m.a á menningartengda viðburði, ferðamanninum til afþreyingar.

Styrkurinn gerir okkur einnig kleift að styðja vel við bakið á listamönnum sem samfélagið allt nýtur góðs af. Hátíðin sameinar útivist og menningu og tengir saman gesti og heimafólk.

Styrkurinn gefur okkur einnig kost á að efla hátíðina og markaðssetja Austurland enn frekar sem ákjósanlegt freeride svæði.

Sævar Guðjónson
Austurland Freeride festival

Styrkurinn úr Uppbyggingarsjóði Austurlands skiptir sköpum þannig að hægt sé að halda úti veglega sýningardagskrá í Skaftfelli árið um kring. Stuðningurinn gerir okkur kleift að framleiða 4-5 sýningar á ári þar sem boðið er upp á framsækna samtímamyndlist og hefðbundnari sýningar inni á milli. Þá eru haustsýningarnar iðulega nýttar til að þróa sérstök listfræðsluverkefni sem öllum nemendum á miðstigi á Austurlandi stendur til boða. Mikilvægt er að geta boðið íbúum í landshlutanum upp á gott aðgengi að samtímamyndlist og öflugri fræðslu sem stuðlar að betra læsi á myndlist og helst í hendur við þau lífsgæði sem fólgin eru í fjölbreyttri menningu. Öflug menning er líka aðlaðandi fyrir ferðafólk og dýpkar upplifun þeirra og kynni við svæðið. Styrkurinn er viðurkenning á því öfluga og fjölbreytta menningarstarfi sem Skaftfell stendur fyrir og erum við innilega þakklát fyrir hann.

Hanna Christel Sigurkarlsdóttir
Skaftfell, Myndlistarmiðstöð Austurlands

Í 20 ár hef ég nú séð um Tónlistarstundir í Egilsstaða- og Vallanes–kirkjum, sem er sumartónleikaröð í nefndum kirkjum, og í 12 ár flutt nokkuð mörg kórverk með Kammerkór Egilsstaðakirkju. Þetta allt til að hvetja og örva okkar eigið tónlistarfólk. Í flest þessi ár höfum við sótt um og fengið styrk úr sjóðnum og forvera hans. Þessi styrkur ár eftir ár, meira að segja vaxandi, ber vott um viðurkenningu á því sem við höfum verið að gera og á sama tíma nauðsynlegur til að getað borgað tónlistarmönnum mannssæmandi laun, eins og einn formaður sjóðsins orðaði það á sínum tíma. Ekki má heldur gleyma mikilvægi þess að það er mikill hvatning í að auglýst sé eftir styrk–umsóknum. Það fær mann til hugsa og fara svo af stað.

Þegar ég nú er að fara að hætta vil ég þakka fyrir mig, og ekki síst Signýju fyrir hennar frábæra starf og okkar samstarf í öll þessi ár, fyrir að toga í alla nauðsýnlega spotta og fyrir alltaf að vilja hjálpa.

Takk kærlega!
Torvald Gjerde
Tónlistastundir 2022

Tölfræði

Samtals var úthlutað **kr. 55.500.000.–**

5 verkefni
kr. 8.900.000.–

31 verkefni
kr. 28.600.000.–



13 verkefni
kr. 18.000.000.–

Alls bárust 89 umsóknir uppá 148 milljónir – 28 verkefnaumsóknir bárust á sviði atvinnu og nýsköpunar, 55 umsóknir um styrki til menningarverkefna og 6 umsóknir lögaðila á sviði menningar um stofn- og rekstrarstyrki.

Til úthlutunar voru 55,5 milljónir. 18 milljónir fóru í 13 atvinnu og nýsköpunarverkefni, 28,6 milljónir til 31 verkefnis í menningu og 8,9 milljónir voru settar í 5 stofn- og rekstrarstyrki.
Umsóknir voru nokkuð færri í ár en oft áður í atvinnu- og nýsköpunarverkefni en svipaðar og verið hefur í menningarverkefni.
Heildarkostnaður verkefnanna sem sótt var um taldi 440 milljónir og áætlaði 35 ársverk.

Hillur tilraunaeldhúss Hallormsstaðaskóla á Matarmóti Matarauðs Austurlands.

Styrkþegar

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Fellabakstur ehf.	**Pastagerð**	**Kr. 3.000.000.–**

Þróa og framleiða pasta úr austfirsku lífrænu korni. Um er að ræða íslenskt trefjaríkt pasta gert úr austfirsku byggi annarsvegar og austfirsku heilhveiti hinsvegar. Lífrænt trefjaríkt pasta er spennandi vara og mun hollari en venjulegt pasta.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Listahátíðin List í Ljósi	**List í Ljósi**	**Kr. 2.800.000.–**

List í ljósi er er einstök vetrarhátíð sem hlaut Eyrarrósina í febrúar 2019 og fagnar sínu sjöunda ári í Febrúar 2022. List í ljósi tekur á fjölbreyttum listamönnum ár hvert sem koma með eða búa til listaverk á staðnum sem dreifast utandyra um allan Seyðisfjarðarbæ. Hámark hátíðarinnar er þegar við slökkvum á öllum götu- og húsaljósum og mínútu seinna kveikjum við á listaverkunum sem lýsa upp fjörðinn með stórkostlegum hætti.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Skaftfell, sjálfseignarstofnun	**Sýningardagskrá Skaftfells 2022**	**Kr. 2.800.000.–**

Starfsemi Skaftfells, miðstöð myndlistar á Austurlandi, er tileinkuð samtímamyndlist á alþjóðavísu. Sýningarhald er öflugt og fjölbreytt með áherslu á vandaða blöndu af framsækinni samtímalist og hefðbundnari listsýningum. Með sýningardagskrá 2022 verður boðið upp á fimm sýningar með innlendum og erlendum myndlistarmönnum, sem hafa ýmist starfað um tíma eða eru að stíga sín fyrstu skref.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
LungA-Listahátíð ungs fólks, AL	**LungA listahátíð ungs fólks, Austurlandi**	**Kr. 2.800.000.–**

LungA listahátíð ungs fólks (10-17 júlí 2022) er alþjóðleg listahátíð með áherslu á frumsköpun og jafningjafræðslu. Hátíðin er óhagnaðardrifið sí endurtekið ástríðu verkefni og einstök að því leytinu til að hún er "Þátttöku listahátíð" þar sem dagskrá hátíðarinnar verður að mestu til á staðnum sem gestir hátíðarinnar skapa. Þetta hefur gefið góða raun og átt þátt í að þeir sem hátíðina sækja upplifa sig sem hluta af stærra samhengi, ná að tengjast á einstakan hátt og koma því oftar en ekki aftur.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Sköpunarmiðstöðin svf.	**Sköpunarmiðstöðin á Stöðvarfirði**	**Kr. 2.400.000.–**

Sköpunarmiðstöðin er byggðaþróunarverkefni á sviði menningar, menntunar og atvinnusköpunar. Starfsemin leggur áherslu á samlegðaráhrif þessara sviða með það að markmiði að tryggja sjálfbærni samfélagsins og sporna þannig við fólksfækkun og skorti á atvinnutækifærum. Sköpunarmiðstöðin hyggst ná markmiðum sínum með því að byggja upp fjölbreytta og faglega aðstöðu til grundvallar starfseminni og skapa þannig hvetjandi umhverfi fyrir nýsköpun, menningar- og fræðslustarf.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Hallormsstaðaskóli	**Tilraunaeldhús; markaðs- og kynningastarf**	**Kr. 2.000.000.–**

Markaðs- og kynningarstarf fyrir Tilraunaeldhús Hallormsstaðaskóla er mikilvægur liður í því að ná til einstaklinga sem hafa áhuga á framleiðslu á vörum, unnar í vottuðu rými samkvæmt kröfum Heilbrigðiseftirlits. Mikilvægt er að starfsemi Tilraunaeldhús verði kynnt markvisst til að koma í veg fyrir misskilning sem hefur komið fram á fyrstu stigum verkefnisins - að eingöngu nemendur skólans eða starfsfólk Tilraunaeldhús séu að nýta aðstöðuna. Því þarf að efla enn frekari kynningu á Austurlandi

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Mjóeyri ehf	**Austurland Freeride Festival**	**Kr. 2.000.000.–**

Austurland Freeride Festival er ný fjallaskíða/brettahátið sem haldin verður í Fjarðabyggð daganna frá 3.-6. mars. Áhersla er lögð á að njóta náttúrunnar í Austfirsku ölpunum undir leiðsögn vanra staðkunnra fjallamanna. Hátíðin er bæði hugsuð fyrir byrjendur á fjallaskíðum/brettum og fyrir vana einstaklinga. Byrjendanámskeið verður á hátíðinni og skíðaferðir fyrir lengra komna.
Ýmis konar menningarviðburðir verða í gangi á svæðinu eins og tónleikar, kvöldvökur og matarupplifanir.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Orteka ehf.	**SAMstöðin - Seyðfirska atvinnu- og menningarhús (vinnuheiti)**	**Kr. 2.000.000.–**

SAMstöðin - Seyðfirska Atvinnu og Menningarhúsið sameinar á smekklegan og hagkvæman hátt skrifstofu- þjónustu og iðnaðarrými. Framtíðarsýn verkefnisins er að koma til móts við þá gríðarlegu þörf á skrifstofu-, verslunar-, þjónustu- og verkstæðishúsnæði sem er á Seyðisfirði í augnablikinu. Á verkefnistímanum er ætlunin að greina þörf, velja rekstrarform í sameiningu með framtíðar notendum hússins. Auk þess verður gerð viðskipta- og rekstraráætlun og ráðist í grunn hönnun húsnæðissins.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Sköpunarmiðstöðin svf.	**Tónleikaröð og Silo Sessions í Sköpunarmiðstöðinni**	**Kr. 1.600.000.–**

Sköpunarmiðstöðin býður upp á röð þriggja tónleika haustið 2022 og samhliða því verða framleidd þrjú Silo Sessions tónlistarmyndbönd í hljóðveri miðstöðvarinnar, Stúdíó Síló. Á dagskrá tónleikaraðarinnar er íslenskt tónlistarfólk í bland við ungt austfirskt tónlistarfólk. Silo Sessions tónlistarmyndböndin fanga lifandi tónlistarflutning með áherslu á frumsköpun og eru þau frumsýnd á veraldarvefnum.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Hallormsstaðaskóli	**Tilraunaeldhús - Frostþurrkunartæki**	**Kr. 1.500.000.–**

Frostþurrkunartæki í Tilraunaeldhúsið í Hallormsstaðaskóla er góð viðbót við aðstöðuna, eykur nýtingarmöguleika hráefna, styður við nýsköpun og vöruþróun í matvælaframleiðslu. Aðgengi að frostþurrkunartæki fyrir almenning er ekki fyrir hendi á Austurlandi en með frostþurrkun er verið að draga allt vatn úr hráefninu. Matvæli sem eru frostþurrkuð eru mjög létt, innhalda nær öll næringarefni eftir verkun og geymslu tími þeirra er langur. Opnar á ný tækfæri fyrir fullvinnslu afurða af svæðinu.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Monika Frycova	**Stýrishús : Kiosk 108**	**Kr. 1.500.000.–**

“The small building Stýrishús, KIOSK 108 located in Seyðisfjörður in East Iceland is meant to be a standing poem about time.“ The Grapevine and RÚV reported. This project is architectural concept, a platform for art and culture, with extra function of street food vendor. A portrait : of locals past fishing heritage, an “invisible” monument - meeting point of various cultures, which offers new experiences, new menu ... - innovating and awaking “something” what is absent.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Tækniminjasafn Austurlands	**Heildarúttekt, grisjun og skráning safnkosts**	**Kr. 1.500.000.–**

Tækniminjasafn Austurlands stendur frami fyrir einu stærsta verkefni á Íslandi er varðar endurskoðun á safnkosti. Vinna þarf að grisjunaráætlun, hanna verkferla við grisjun, gera förgunarstefnu og hanna verkferla er varðar endurnýtingu muna sem verða grisjaðir. Um er að ræða nýsköpunarverkefni á Íslandi en álitamál um grisjun safna hefur verið mikið til umræðu á erlendum vettvangi.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Tækniminjasafn Austurlands	**MAÐUR OG NÁTTÚRA - sýning um ofanflóð á Seyðisfirði**	**Kr. 1.500.000.–**

Búseta í skjóli hárra og brattra fjalla hefur kosti og galla í för með sér. Allajafna skýla fjöllin og skapa friðsæla umgjörð um líf dýra og manna en þau geta líka breytt um ham og úr þeim fallið skriður sem ógna lífi og daglegum athöfnum íbúanna. Á Seyðisfirði hefur það gerst oft í aldanna rás, nú síðast í desember 2020. Tækniminjasafnið setur upp sýningu um þessa sögu í samstarfi við heimafólk, sem ætlað er að vera hluti af úrvinnslu samfélagsins en um leið fjölsóttur áningarstaður ferðamanna.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Torvald Gjerde	**Tónlistarstundir 2022**	**Kr. 1.500.000.–**

Tónleikaröð, sex sumartónleikar: fernir í Egilsstaðakirkju og tvennir í Vallanesskirkju í seinnipart júní og byrjun júlí 2022. Fram koma aðallega tónlistarmenn frá Austurlandi en einnig frá öðrum hlutum landsins og frá Norðurlöndum. Tónleikaröðin var fyrst haldin í 2002 og hefur samfelt verið haldin hvert sumar síðar, Við höldum þannig upp á 20-ára afmæli næsta sumar. Fleiri hundruð tónlistarmenn hafa komið fram og mörg þúsund áheyrendur komið á tónleikunum öll þessi ár.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Ars Longa - samtímalistasafn ses.	**Rekstarstyrkur vegna Ars longa samtímalistasafns**	**Kr. 1.500.000.–**

Ars Longa – samtímalistasafn ses. er sjálfeignarstofnun sem heldur um starfsemi og rekstur sjálfstæðs listasafns á Djúpavogi. Stofnendur eru myndlistarmennirnir Sigurður Guðmundsson og Þór Vigfússon sem stýra faglegu starfi í samvinnu við sitjandi stjórn. Markmið Ars longa samtímalistasafns er að safna og varðveita listaverkaeign eftir íslenska og alþjóðlega listamenn, vera leiðandi vettvangur alþjóðlegrar samtimalistar og efla samvinnu listamanna og fagaðila með metnaðrfullu sýningarhaldi.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Hringleikur - sirkuslistafélag	**Í skóginum, seinna - staðbundin sirkussýning og smiðjur**	**Kr. 1.400.000.–**

Framtíðarsamband manns og náttúru er skoðað í aðgengilegri sirkussýningu sem fram fer í Selskógi. Sirkuslistir, líkamlegur húmor, ljóðrænar myndir og tónlistar-innsetningar leiða áhorfendur um skóginn, en Hringleikur setur upp sirkussýninguna 'Í skóginum, seinna' á Egilsstöðum í samstarfi við MMF. Haldin verða sirkusnámskeið fyrir ungmenni í tengslum við sýninguna, en sirkuslista- og tónlistarfólk, auk flytjenda af svæðinu munu setja upp þessa spennandi og staðbundnu sirkussýningu.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Kammerkór Egilsstaðakirkju	**Klassískar perlur úr sögu Kammerkórsins**	**Kr. 1.400.000.–**

"Klassískar perlur úr sögu Kammerkórsins", eru tónleikar þar sem Kammerkórinn, einsöngvarar úr röðum hans auk 14 manna hljómsveitar, flytja brot úr nokkrum af þeim krefjandi verkum sem kórinn hefur flutt á tónleikum sínum síðustu 12 ár. Tónleikarnir verða í Egilsstaðakirkju um mánaðarmótin apríl/maí 2022 og verða jafnframt síðustu stórtónleikar stjórnandans Torvalds Gjerde, með kórnum.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Sinfóníuhljómsveit Austurlands	**Sinfóníuhljómsveit Austurlands**	**Kr. 1.200.000.–**

Sinfóníuhljómsveit Austurlands var stofnuð í maí 2018 af sjö austfirskum hljóðfæraleikurum. Henni er ætlað að auðga og efla menningarlíf á Austurlandi og vera vettvangur fyrir austfirska hljóðfæraleikara, langt komna hljóðfæra-nemendur, tónskáld, einleikara og kóra að starfa í eða með sinfóníuhljómsveit. Hljómsveitin heldur fjölbreytta og skemmtilega tónleika á Austurlandi og ýtir undir tónsköpun sem tengist landshlutanum auk þess að styðja annað listrænt starf og tónlistartengda fræðslu.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Blábjörg ehf.	**Vöruþróun á óáfengu og áfengu gosi**	**Kr. 1.000.000.–**

Markmið verkefnisins er að þróa og undirbúa framleiðslu á gosdrykkjum, bæði óáfengum og áfengum. Lögð verður áhersla á að allt hráefni til framleiðslunnar sé hágæðavara. Framleiðslan verði sem mest sjálfbær og umhverfisvæn. Markmiðið er að nýta þær auðlindir sem eru í nágrenni okkar til framleiðslunnar og bragðefnin koma úr hinum ýmsu jurtum og berjum. Öll söfnun hráefna úr náttúrunni verður sjálfbær og verkefnið leiðir til styttri dreifileiða og minnkar sótspor.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Gunnarsstofnun	**Ævintýri og matarmenning á Upphéraði**	**Kr. 1.000.000.–**

Verkefnið lýtur að þróun og markaðssetningu á ferðaþjónustu á Upphéraði með sérstaka áherslu á afþreyingu fyrir fjölskyldufólk, útivist og matarmenningu.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Kristín Amalía Atladóttir	**Svepparækt-leiðsögn í smitun, ræktun og framleiðsluaðferðum**	**Kr. 1.000.000.–**

Undirbúningur á uppsetningu sveppaframleiðslueiningar Austan EDEN á Hólshjáleigu stendur nú yfir. Í upphafi verða framleiddir sælkeramatsveppir en tegundum fjölgað síðar og þá horft þá til lækningasveppa og vinnslu bætiefna. Öll aðföng til ræktunar eru fengin í héraði og dreifing afurða er í höndum aðila á svæðinu.
Verkefnið sem sótt er um styrk til snýr að aðkomu sérfræðings í svepparækt sem mun hefja framleiðsluna samhliða því að þjálfa starfsmenn Austan EDEN í framleiðsluaðferðum.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Bláa Kirkjan sumartónleikar	**Sumartónleikaröð Bláu kirkjunnar 2022**	**Kr. 1.000.000.–**

Sumartónleikaröðin Bláa kirkjan var stofnsett árið 1998 og hefur því verið haldið út í 23 ár. Um er að ræða tónleika sem fara fram í Seyðisfjarðarkirkju á miðvikudagskvöldum í júlí og ágúst. Lögð er áhersla á að bjóða upp á fjölbreytta tónleika með klassískri tónlist, djass og blús, þjóðlagatónlist og léttari tónlist. Tónleikaröðin er mikilvægur menningarviðburður fyrir heimamenn sem og þá fjölmörgu gesti sem sækja Seyðisfjörð heim á sumrin.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Fjarðabyggð	**Fjölbreyttar listasmiðjur og listsýningar í Fjarðabyggð 2022**	**Kr. 1.000.000.–**

Sumarið 2022 stendur Menningarstofa Fjarðabyggðar fyrir fjölbreyttri menningardagskrá í tengslum við listasmiðjur fyrir börn og listahátíðina Innsævi. Verkefnið er unnið í samstarfi við listafólk af svæðinu og aðra sem koma lengra að (listamannadvöl í Fjarðabyggð). Listafólk leiðbeinir í listasmiðjum, vinnur að sýningum og setur þær upp. Þetta er í annað sinn sem verkefnið á sér stað og verður dagskráin fjölbreytt en má þar m.a. nefna innsetningar, myndlistasýningar, gjörningalist og tónleika.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Kammerkór Egilsstaðakirkju	**Schubert að vori**	**Kr. 1.000.000.–**

"Schubert að vori" eru tónleikar þar sem Kammerkórinn, einsöngvarar og 10 manna hljómsveit, flytja messu nr. 4 í C-dúr (D. 452) eftir Franz Schubert. Tónleikarnir verða í Egilsstaðakirkju um mánaðarmótin apríl/ maí 2021. Stjórnandi er Torvald Gjerde.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Fljótsdalshérað	**Vor / Wiosna 2022**	**Kr. 1.000.000.–**

Vor / Wiosna er árleg lista og menningarhátíð þar sem áhersla er lögð samspil og samtal pólskra listamanna við íslenskt samfélag. Hátíðinni er ætlað að vekja upp spurningar um stöðu og sýnileika listafólksins innan hinna hefðbundnu ramma íslensku listasenunnar og á hvern hátt menningarlegur bakgrunnur okkar speglast í listinni. Undirtitill hátíðarinnar 2022 er hljóðmynd og vísar til þess að tónlist og hljóðlistaverk eru megin þema hátíðarinnar.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Tónlistarmiðstöð Austurlands	**Upptakturinn á Austurlandi 2022**	**Kr. 1.000.000.–**

Upptakturinn veitir börnum á Austurlandi tækifæri til að senda inn frumsamið lag og vinna að útsetning með leiðsögn tónlistarfólks af svæðinu. Höfundar verka fá aðgang að tónsmiðjum í Tónlistarmiðstöðinni og tækifæri til að hljóðrita demo í Studio Silo. Dómnefnd Upptaktsins velur svo einn ungan tónsmið sem þátttakanda í smiðjum á vegum Upptaktsins í Reykjavík þar sem ungir tónsmiðir fá frekari leiðsögn við útsetningu sem er síðan frumflutt af atvinnu hljóðfæraleikurum á uppskeruhátíð í Hörpu.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
LungA-skólinn ses.	**Ný námsbraut LungA skólans**	**Kr. 1.000.000.–**

LungA lýðskólinn á Seyðisfirði hefur verið starfræktur síðan 2014 og hafa yfir 250 nemendur frá meira en 25 löndum og öllum heimsálfum utan Suðurskautslandsins. Færri komast að en vilja og teljum við því tímabært að stækka skólann og þar með styrkja rekstrargrundvöll stofunarinnar. Með styrk þessum verður unnið að undirbúningi fyrir nýja námsbraut við LungA skólann sem leggur áherslu á m.a. skapandi verkefnastjórnun, útivist, staðbundið hráefni og persónulega sjálfbærni.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Sköpunarmiðstöðin svf.	**Atomic Analog hljóðbúnaður**	**Kr. 900.000.–**

Atomic Analog er hljóðbúnaður ætlaður til tónlistariðkunar og hljóðupptöku. Vincent Wood, rafeindaverkfræðingur og upptökustjóri, hefur síðan 2014 unnið að þróun og hönnun á vörumerkinu. Hönnunarferli er lokið á 3 vörutegundum og unnt er að hefja þróun á framleiðsluferli og framleiðsluumhverfi fyrir Atomic Analog innan Sköpunarmiðstöðvarinnar.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Óbyggðasetur ehf.	**Vöruþróun/markaðssetning á vetrarferðaþjónustu á hálendinu**	**Kr. 800.000.–**

Verkefnið felst í að þróa og selja upplifanir að vetrarlagi á hálendi Austurlands. Búa til ferðapakka, kynna viðkomustaði, stofna til samstarfs á svæðinu og skilgreina og vinna ferðaleiðir. Fjölmörg tækifæri liggja á svæðinu, bæði fyrir erlenda sem innlenda ferðamenn og mikilvægt er að vinna markaðsstarf til að koma þeim á framfæri.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Stefán Eðvald Stefánsson	**Skriðuskógur - Kolefnisbinding með skógrækt**	**Kr. 800.000.–**

Á Skriðu í Breiðdal viljum við leggja okkar af mörkum við að draga úr áhrifum loftslagsbreytinga með því að binda kolefni í formi nýskógræktar. Binding skógarins verður nýtt til að bjóða upp á vottaðar austfirskar kolefniseiningar. Þörfin fyrir slíkar einingar mun aðeins aukast á komandi árum og því mikilvægt að geta boðið fyrirtækjum á Austurlandi að minnka kolefnissporið sitt með kolefniseiningum úr heimabyggð. Með öflugri skógrækt má binda verulegt magn kolefnis á áhrifaríkan og ábyrgan hátt.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Andri Björgvinsson	**Sumardagskrá Glettu**	**Kr. 800.000.–**

Sumarið 2022 mun verða þriðja sumarið sem Gletta verður með dagskrá af myndlistarsýningum í Hafnarhúsi Borgarfjarðar Eystra. Dagskráin samanstendur af fjölbreyttu úrvali bæði innlendra og erlendra listamanna.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Hlín Pétursdóttir Behrens	**Sönghátíð á föstu**	**Kr. 800.000.–**

Sönghátíð á föstu er þriggja tónleika hátíð þar sem fram koma söngvarar og hljóðfæraleikarar frá Austurlandi, með tónlist eftir Pergolesi, J.S. Bach, Arvo Pärt, portúgalskt barrokk og tónlist eftir Hildi Guðnadóttur. Einnig verða frumflutt verk eftir tónskáld á svæðinu.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Kamilla Gylfadóttir	**Heimamyndadagar á Austurlandi**	**Kr. 800.000.–**

Alþjóðlegi Heimamyndadagurinn er vinsæll árlegur viðburður víðsvegar um heim sem haldin var í fyrsta sinn á Íslandi á Seyðisfirði haustið 2021. Almenningi er boðið að koma með heimagerðu kvikmyndirnar sínar, sýna öðrum á stóru tjaldi, og skiptast á fróðleik um myndirnar og miðlana. Með þessu gefst fólki jafnvel tækifæri til þess að sjá efni sem ekki hefur verið aðgengilegt í lengri tíma, enda tækin oft úrelt eða týnd. Gestir og gangandi upplifa fortíðina á lifandi máta og skemmta sér saman.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Minjasafn Austurlands	**Könnun á varðveislumiðstöð fyrir söfn á Austurlandi**	**Kr. 800.000.–**

Austurland er ríkt af söfnum sem saman varðveita menningararf fjórðungsins. Mörg þessara safna búa við þröngan húsakost sem sjaldnast uppfyllir skilyrði sem gerð eru til varðveisluhúsa menningarminja. Minjasafn Austurlands, Tækniminjasafn Austurlands, Sjóminjasafn Austurlands, Minjasafnið á Burstafelli og Héraðsskjalasafn Austfirðinga ætla í sameiningu að vinna forkönnun, greiningu og tillögur um sameiginlega varðveislumiðstöð safna á Austurlandi.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Tækniminjasafn Austurlands	**Smiðjuhátíð Tækniminjasafnsins - fræðsla fyrir allan aldur**	**Kr. 800.000.–**

Smiðjuhátíð Tækniminjasafns Austurlands á Seyðisfirði er fjölskylduhátíð þar sem blandað er saman þjóðlegum handverkshefðum, fjölbreyttri tónlist úr ranni landsþekktra tónlistarmanna, þjóðlegri matarmenningu og saklausri kvöldskemmtun fyrir alla fjölskylduna. Fólk fær að kynnast af eigin raun þáttum úr hinum óáþreifanlega menningararfi með virkri þátttöku.
Ókeypis aðgangur að öllum sýningum og skemmtunum. Greiða þarf fyrir þátttöku í námskeiðum og fyrir veitingar.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Teresa Maria Rivarola	**Misplaced Gaze; traveling exhibition and workshop**	**Kr. 800.000.–**

Misplaced Gaze, is a traveling exhibition and photographic language workshop through cultural spaces in Austurland.
Two immigrants from South America share their impressions of being in contact with the immensity of nature and their feelings about the effects of climate change on the Nordic landscapes, one through photographs and the other through poetry. On every opening event, a workshop will be guided for adolescents interested on sharing their perspective of climate change through pictures.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Ásdís Helga Bjarnadóttir	**Þjóðargersemar Austurlands - Hönnunarsmiðja Fljótsdals**	**Kr. 600.000.–**

Þjóðargersemar Austurlands eru lítt sýnilegar í listmunum eða minjagripum. Verkefnið lítur að því að draga fram gersemar Fljótsdals og skapa vettvang, hönnunarsmiðju, fyrir listamenn, handverksfólk og hönnuði til að þróa hugmynd af afurð þar sem þær fá notið sín. Afurðir sem annars vegar er hægt að fjöldaframleiða og hinsvegar vinna í heimahéraði. Lögð verður áhersla á að vinna með hráefni úr héraði og skapa þannig atvinnu og söluvænlegar afurðir sem eru einstakar fyrir svæðið.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Félag ljóðaunnenda á Austurlandi	**Útgáfa ljóðabóka árið 2022**	**Kr. 600.000.–**

Félag ljóðaunnenda á Austurlandi áformar að gefa út þrjár ljóðabækur árið 2022. Fyrsta bókin fékk heitið Ekkert eitt, höfundur hennar er ung kona á Seyðisfirði, Sandra Ólafsdóttir. Önnur bókin er ljóðaþýðingar Björns Ingvarssonar, Egilsstöðum, á ljóðum inúíta. Þriðja bókin verður úrval ljóða systkinanna frá Heiðarseli í Jökuldalsheiði, Arnheiðar, Einars, Hallveigar og Sólveigar Guðjónsbarna. Verður þetta tuttugasta og önnur bókin í flokknum Austfirsk ljóðskáld.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Katla Rut Pétursdóttir	**Hræðileg Jól**	**Kr. 600.000.–**

Sviðslistahóparnir Lið fyrir Lið og Artik skrifa handrit að nýju fjölskylduleikriti sem verður að sýningunni Hræðileg Jól í samstarfi við Herðubreið á Seyðisfirði og Menningarfélag Akureyrar. Hræðileg jól er jólaleikrit sem byggir á óvættum sem virðast fyrirfinnast í flestöllum samfélögum. Unnið og þróað út frá samtölum við einstaklinga og þess fjölmenningarsamfélags sem búsett er á Austurlandi. Hugsar þú um hrylling, óhugnað, skepnur og óvætti um jólin - það gerum við. Gleðileg Hræðileg Jól!

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Lefever Sauce Company ehf.	**Lefever Sauce - vöruþróun og markaðsherferð**	**Kr. 500.000.–**

Markmið þessa verkefnis er að útbreikka vörulínu Lefever Sauce Company (LSC) til muna með nýjum vörum og framandi vöruþróun. Einnig er nauðsynlegt að herja stífar og markvisst á íslenskan markað til að festa vörurnar í sessi hjá íslenskum neytendum um allt land. Verkefnið felst í því að byggja upp nærveru í hugum landsmanna á handunnum íslenskum vörum úr chili með markvissri kynningarherferð á nýju útliti fyrirtækisins og nýjum vörum þess. “Hot sauce” sósur ásamt fleiri sterkum vörum úr chili.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Gunnarsstofnun	**Rithöfundalest um Austurland**	**Kr. 500.000.–**

Rithöfundalestin er samstarfsverkefni aðila á Austurlandi sem standa fyrir upplestrum og skólaheimsóknum í þeim tilgangi að auka áhuga á bókmenntum og kynna ný verk og höfunda.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Minjasafn Austurlands	**Miðlun menningararfs í Kjarvalshvammi**	**Kr. 500.000.–**

Í Kjarvalshvammi í landi Ketilsstaða í Hjaltastaðaþinghá stendur sumarhús Jóhannesar Sveinssonar Kjarval listmálara. Þar dvaldi Kjarval mörg sumur og málaði mörg af sínum frægustu verkum. Minjasafn Austurlands hefur umsjón með hvamminum og hefur á undanförnum árum staðið fyrir viðhaldi á húsinu. Nú þegar sér fyrir endann á þeim framkvæmdum hyggst safnið efla miðlun í hvamminum með það að markmiði að miðla sögu staðarins og Kjarvals betur til gesta og gera heimsókn á staðinn þannig áhrifameiri.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Minjasafn Austurlands	**Skapandi arfleifð: Safnfræðsluverkefni í tengslum við BRAS**	**Kr. 500.000.–**

Í tengslum við BRAS 2021 bauð Minjasafn Austurlands grunnskólanemum í Múlaþingi upp á vel heppnað fræðsluverkefni þar sem Valþjófsstaðahurðin var kynnt fyrir grunnskólanemum með skapandi smiðjum sem listakonurnar Rán Flygenring og Elín Elísabet Einarsdóttir sáu um. Safnið hyggst halda áfram á sömu braut og nýta BRAS til að kynna menningararf og sögu Austurlands fyrir grunnskólanemum í gegnum skapandi verkefni þar sem unnið er með merka forngripi af svæðinu í samstarfi við starfandi listafólk.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Fljótsdalshérað	**Hnikun - bókverk**	**Kr. 400.000.–**

Á þessum tímamótum, þegar ný sýning opnar í nýendurgerðu sýningarrými Sláturhússins, er bókverkinu ætlað að fylgja verkunum úr hlaði og jafnframt bæta við verkin annarri vídd með greinargóðum textum sem varpa ljósi á mismunandi þætti í sögu sláturhússins. Þannig verður bókverkið bæði heimild um sýninguna og úttekt á stöðu sláturhússins sjálfs.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Aron Daði Þórisson	**Kjarval**	**Kr. 300.000.–**

Myndbandsverk á mörgum skjáum til þess að kynna Tove Kjarval. Hver hún var & hvað hún stóð fyrir. Umhverfi Austurlands yrði þar bakgrunnur & saga hennar & ástarsamband við myndlistarmann sem ólst upp á svæðinu dregin fram á nýstárlegan hátt.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Fljótsdalshérað	**Dagdraumar**	**Kr. 300.000.–**

Ung stúlka leggur land undir fót og ferðast um undur veraldar, um skóg og yfir sjó, finnur dýr og ævintýr. Dýrin eru undursamleg og töfrandi. Slangan snýst og sniglast og svanurinn virðist þekja himininn með vænghafi sínu. Bara ef stúlkan byggi yfir slíkum kynngikrafti, liðug, snörp og létt á tá, svífandi um loftin blá. Dagdraumar eru dansverk sem býður börnum að ganga inn í heim töfra og ævintýra á sviðinu.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Heydalakirkja	**Skáldasumar á Breiðdalsvík**	**Kr. 250.000.–**

Skáldin og frændurnir Stefán Ólafsson í Vallanesi og Bjarni Gissurarson í Þingmúla áttu 400 ára stórafmæli fyrir skemmstu. Á Skáldasumri á Breiðdalsvík verður framlag þeirra til íslenskra bókmennta í brennidepli á málþingi sem haldið verður 20. ágúst 2022 í húsnæði Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Breiðdalsvík.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Jóhanna Þóroddsdóttir	**Hrynstofan - Söngnámskeið fyrir börn á aldrinum 5-10 ára**	**Kr. 250.000.–**

Hrynstofan er söngnámskeið fyrir börn á aldrinum 5-10 ára. Þar læra nemendur undirstöðuatriði í söng og söngtækni, læra að koma fram á sviði, nota hljóðnema, syngja í upptökuveri og fá um leið að kynnast ólíkum tónlistarstefnum og straumum. Námskeiðið er helgarnámskeið og byggist á fámennum hópatímum þar sem lögð er áhersla á einstaklingsmiðaða kennslu, þægilegt andrúmloft og samverustundir fylltar sköpunargleði.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Óbyggðasetur ehf.	**Snorravaka**	**Kr. 250.000.–**

Á Snorravöku verður leitað til þeirra er þekktu og kunnnu sögur af Snorra Gunnarssyni þúsundþjalasmið frá Egilsstöðum í Fljótsdal. Á viðburðinum verða sögur af Snorra sagðar, hluti af handverki hans sýnt og farið yfir æviskeið hans. Jafnvel brugðið upp “tískusýningu” með fatnaði sköpuðum af Snorra og kveðið að hætti hans. Frásagnirnar verða teknar upp svo úr verkefninu varðveitist framtíðarheimildir.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Vopnafjarðarhreppur	**Fjölmenningarhátíð Vopnafirðinga**	**Kr. 250.000.–**

Fjölmenningahátíð verður haldin 19 febrúar á Vopnafirði, fram koma ýmis tónlistar-atriði, skemmtiatriði, matarupplifun, fræðsla og margt fleira. Hugmyndin er að fagna fjölbreytileikanum í samfélaginu á Vopnafirði. Fyrir hátíðina verður menningarmót í Vopnafjarðarskóla þar sem kynning verður frá nokkrum þjóðum.

AUSTURBRÚ

SÓKNARÁÆTLUN
AUSTURLANDS